

L Ö G

um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eigendur skrifstofuhúsnæðis og verslunarhúsnæðis skulu á árinu 1979 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs og reiknast hann af fasteignamatsverði þessara eigna eins og það var í árslok 1978.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1978 á því húsnæði, sem nýtt er til skrifstofu- eða verslunarrekstrar, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1978.

Sé sama eignin notuð undir skrifstofu eða verslun en einnig aðra starfsemi skal við ákvörðun á skattstofni skipta eigninni í hlutfalli við rúmmál, þó þannig að sé 75% rúmmáls hennar eða meira notað til annarrar starfsemi en verslunar- og skrifstofurekstrar skal verðmæti hennar undanþegið sérstökum eignarskatti.

5. gr.

Með skattframtali fyrir gjaldárið 1979 skal fylgja skrá yfir eignir þær, sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra í árslok 1978. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekju- og eignarskatti, skulu skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra viðkomandi umdæmis fyrir 1. mars 1979.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 10 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði V.—VIII. kafla laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1979.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

c-liður 10. gr. orðist svo:

Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Ferðaskrifstofa ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 15. gr. laga nr. 10/1961 bætist ný málsgrein, er orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að endurkaupa af innlánsstofnunum lán vegna útflutningsframleiðslu, sem framleiðendur og útflytjendur stofna til við þær, með